



AUSTURBÆJARSKÓLI
101 REYKJAVÍK

Nemendastýrð foreldraviðtöl – leiðbeiningar til kennara.

Tilgangur nemendastýrðra foreldraviðtala er að valdefla nemendur. Auka meðvitund þeirra um eigið nám og námsaðferðir og greina hvað þau gera vel og hvar þau mættu leggja sig betur fram.

Nemendur fá í viðtölunum auk þess tækifæri til að tjá sig um eigið nám.

- Nemendur undirbúa viðtalið með því að velja eitt til tvö verkefni (námsgrein að eigin vali) sem þeir hafa unnið og eru ánægðir með. Verkefni nemandans getur t.d. sýnt fram á sköpunargáfu hans, vöxt og/eða framfarir eða verið verkefni sem nemandinn hafði sérstaka ánægju af að vinna.
- Nemendur undirbúa kynningu sína sem getur verið munnleg, sett fram á blaði t.d. í formi hugarkorts, veggspjaldi eða sem glærur (I-Pad).
- Í upphafi kynningar sinnar greinir nemandinn foreldrum sínum frá þeim hæfniviðmiðum sem að var stefnt með verkefninu.
- Nemandinn kynnir verkefnið og við lok kynningar segir nemandinn frá því sem hann lærði þ.e. hvað hann veit nú en vissi ekki áður og hvaða námsaðferðum hann beitti. Segir líka af hverju hann telji þetta gott verkefni hjá sér og hvað hann hefði e.t.v. getað gert enn betur.

Kynning nemandans þarf ekki að vera löng (5-7 mín). Hún þarf hins vegar að vera vel undirbúin og markviss. Umsjónarkennari þarf að taka frá tíma með nemandanum og undirbúa hann undir spurningar sem hann gæti átt von á frá foreldrum í kjölfar kynningar. Nemendum er heimilt að flytja kynninguna á móðurmáli sínu kjósi þeir það frekar.